

Golfklúbbur Ísafjarðar

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020-2021



Ársskýrsla 2021

Efnisyfirlit

Golfklúbbur Ísafjarðar.....	1
Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2021	3
Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:.....	3
<i>Varastjórn:</i>	3
<i>Skoðunarmenn reikninga:</i>	3
Fastanefndir klúbbsins:	3
<i>Forgjafanefnd:</i>	3
<i>Húsnæðismál í Tungudal:</i>	3
<i>Mótanefnd:</i>	3
<i>Unglinganefnd</i>	3
<i>Vallarnefnd:</i>	3
<i>Kvennanefnd:</i>	3
<i>Öldunganefnd:</i>	3
<i>Aganefnd:</i>	3
<i>Sundagolfsnefnd:</i>	4
Félagsstarf	4
Starfsmannamál	4
Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ	4
Æfingar og æfingaaðstaða	4
Barna -og unglinganefnd	4
Kvennastarf	5
Vallarmál	5
Vélamál	6
Húsnæðismál	6
Mótanefnd	7
Rekstur	8

Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2021

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Gunnar Þórðarson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Bjarki Bjarnason gjaldkeri, Kristín Hálfðánsdóttir ritari, Guðni Ólafur Guðnason með stjórnandi, Kristján Ásgeirsson með stjórnandi og Guðjón Helgi Ólafsson með stjórnandi.

Varastjórn:

Þórunn Snorradóttir, Gauti Friðriksson og Andrea Gylfadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

Fastanefndir klúbbsins:

Forgjafanefnd:

Jakob Ólafur Tryggvason og Kristinn Þórir Kristjánsson.

Húsnefnd Golfskálans í Tungudal:

Þórunn Snorradóttir formaður, Gauti Friðriksson

Mótanefnd:

Guðni Ólafur Guðnason formaður og Guðjón Helgi Ólafsson, Víðir Amarsson og Kristinn Þórir Kristjánsson

Unglinganefnd

Shiran Þórisson, formaður, Kristján Elías Ásgeirsson og Jakob Ólafur Tryggvason

Vallarnefnd:

Anton Helgi Guðjónsson formaður, Jóhann Birkir Helgason, Karl Ingi Vilbergsson, Vilhjálmur Matthíasson og Tryggvi Sigtryggsson

Kvennanefnd:

Kristín Hálfðánsdóttir formaður og Anna Guðrún Sigurðardóttir.

Öldunganefnd:

Finnur Magnússon.

Aganefnd:

Tryggvi Guðmundsson formaður og Tryggvi Sigtryggsson.

Sundagolfsnefnd:

Bjarki Bjarnason formaður, Gunnar Þórðarson, Víðir Arnarson og Anna G. Sigurðardóttir.

Félagsstarf

Á þessum aðalfundi Golfklúbbs Ísafjarðar eiga að ganga úr stjórn: Anton Helgi Guðjónsson og Guðjón Helgi Ólafsson. Einnig gefur Bjarki Bjarnason ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Skráðir félagar í golfklúbbum árið 2021 voru 160 það er það fjölgun frá síðasta ári. Aðsókn að golfvellið í sumar var að mjög góð enda var straumur af ferðamönnum á Vestfjörðum í ár.

Covid hafði lítil áhrif á starf stjórnar og voru allir stjórnarfundir með mætingu, öll mót haldin og völlurinn opinn. Formlegt starfsár Golfklúbbsins hófst með opnun golfvallar þann 21 maí með móti í Texas Scramble.

Starfsmannamál

Ásgeir Kristjánsson var vallartjóri og Egill Fjölneissson var fastur starfsmaður. Reynir Pétursson og Finnur Magnússon sáu um umhirðu á puttavellið á Torfnesi og á golfvellið, og Finnur sá um rekstur golfskólans. Tryggvi Sigtryggsson og Villi Gilli unnu í mánaðartíma við golfvöllinn í vor ásamt viðhaldi tækja í sumar. Að auki útvegaði Ísafjarðarbær 3-4 unglunga frá vinnuskólanum í vinnu á golfvellið í júní og júlí.

Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá G.Í. áfram um slátt og umhirðu puttavallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. G.Í. leigði líka bænum sláttuvél á Torfnesi. Reynir Pétursson hafði veg og vanda af vinnunni fyrir hönd G.Í og er honum kærlega þakkað fyrir sitt framlag.

Æfingar og æfingaaðstaða

Vegna Covid varð ekkert af árlegu golfnámskeiði á vegum Auðuns Einarssonar. Í sumar kom Sigurður Hafseinnsson og hélt golfnámskeið í þrjá daga. Fullbókað var á námskeiðið sem voru þrír tímar á mann og sóttu það 30 manns. Golfhermir og puttaaðstaða í Sundagolfi voru mjög vel nýtt á árinu, má segja að með aukinni kennslu og frábærri aðstöðu hefur félögum í G.Í. fjölgað verulega. Svalir þar sem golfsett eru geymd voru styrktar s.l. vetur, tjald og motta voru endurnýjuð fyrir haustið og lýsing bætt. Sundagolfsnefnd er þakkað fyrir gott starf.

Barna -og unglínganefnd

Æfingar fyrir börn og unglunga stóðu yfir í júlí og ágúst, Anton Helgi tók að sér að kennslu. Stefnt er að kennslu innanhúss í vetur ef aðstæður leyfa. G.Í. hefur nú á að skipa nokkrum unglíngum sem reyndu fyrir sér á stærri mótum í fyrra, og með öflugum barna og unglíngastarfi verður hægt að fjölga í hópnum. Til þess þarf að kynna golfþróttina betur í skólum, auka æfingar og mót yfir sumartímann.

Kvennastarf

Kvennastarf var í sumar eins og undanfarin ár. Skipulagðir voru golf tímar fyrir konur á þriðjudögum kl.17:00 og voru vel sóttir. Hið árleg Pim Open golfmót var haldið í september sem tókst mjög vel.

Vallarmál

Golfvöllurinn kom þökkalega undan vetri og vel gekk hjá félögum að undirbúa hann fyrir sumarið.

Teigur fjögur sem var færður hærra upp í brekkuna var kláraður og tekinn í notkun síðla sumars. Ekki gekk að koma flötinni á fjórðu braut í notkun, en grasið hafði verið sett skemmt á árið á undan og náði ekki að jafna sig. Útlit er fyrir að hægt verði að taka hana í notkun næsta vor. Rauðir teigar á 5. og 6. braut voru endurnýjaðir. Til hefur staðið að setja varnarnet á rauðan teig á 2. og 9. braut en mikil hætta getur verið frá upphafshöggum af gulum teigum, annarsvegar frá 4 teig og hins vegar frá 9. teig. Þetta verður sett í forgang fyrir opnun á vellinum í vor. Ný teigmerki (smíðuð af Karli Vilbergssyni) voru sett á völlinn þar sem búin voru til úr birki lurkum sem komu mjög vel út og fegruðu völlinn.

G.Í. hefur átt í nokkru samstarfi við Brynjar hjá Grastec ehf, með kaupum á vélum og búnaði og eins ráðgjöf. Brynjar heimsótti klúbbinn í sumar, fór yfir völlinn og gaf góð ráð. Brynjar er tilbúinn að gera samning við okkur um ráðgjöf í framtíðinni, koma við þrisvar sinnum á sumri og ráðleggja varðand gróður á Tungdalsvelli.

Trén vestan við teig 1. voru feld til að auka útsýni frá golfskála inn eftir vellinum.

Samið var við Edvin Roland golfvallafræðing um úttekt á vellinum og mun hann skila skýrslu með tillögum studdum með myndum. Á þeirri skýrslu verður framtíðar hönnun vallarins byggð og allar ákvarðanir um breytingar á honum. Edvin þarf að taka völlinn út við gróanda, en vegna slæms veðurs í haust tókst ekki að ljúka þessari vinnu í ár. Líklegt er að bíða þurfi fram eftir júní til að klára þessa vinnu.

Ákveðið er að skipta út teigspjöldum á vellinum, sem eru 18 talsins. Bæði eru gömlu spjöldin orðin gömul og þreytt, og eins eru upplýsingar á mörgum þeirra rangar þar sem teigum hefur verið breytt. Til stóð að taka myndir með dróna síðsumars til að byggja hönnun spjaldanna á, en það tókst ekki í tíma og gæti þurft að bíða með þessa vinnu þar til gróandi hefur tekið við sér á vellinum næsta vor.

Unnið var að fjölgun á leiðslum í vökvuna kerfi fyrir flatir vallarins.

Mikið bar á ánægðum gestum á golfvellinum í sumar, sem dásömuðu hann og fegurð umhverfisins. Óhætt er að segja að umhirða hans var til fyrirmyndar, sem skiptir miklu máli fyrir upplifun golfspilara.

Gert var átak í að fjölga vinarvöllum á árinu og eru þeir eftirfarandi.

Náðst hafa samningar við eftirtalda golfklúbba:

Golfklúbb Borgarness 50% með tveggja daga fyrirvara

Golfklúbb Dalvíkur 50%

Golfklúbb Norðfjarðar 50%

Golfklúbb Hveragerðis 50%

Golfklúbb Vatnsleysustrandar 2.500 kr

Golfklúbb Mosfellsbæjar 50%

Golfklúbbur Flúða 50%

Golfklúbbur Reykjavíkur með 50% afslátt en veitir G.Í. nokkur fríspil á sínum völlum í staðinn

Stjórn Golfklúbbsins hefur ákveðið að taka upp skráningarkerfi á golfvöllinn í gegnum golfbox. Stefnt er að því að þetta fyrirkomulag geti hafist strax næsta vor.

Eitt mikilvægasta verkefnið fram undan á vellinum er gerð ak vegar fyrir golfbíla. Mikið er um fullorðna og hreyfihamlaða spilara sem þurfa að notast við bíla, og það mun bara aukast. Þetta mun verða eitt af þeim stóru verkefnum sem við munum byggja á væntanlegri vinnu Edvin Roland.

Samið var við Kristján Ólafsson, fristundarbónda, um slátt í kringum æfingavöllinn (sex holu völl) næsta sumar. Ástand hans hefur verið dapurt og lítið verið um spilara þar, en mittis hátt grasið í kringum brautir taka allar kúlur sem slegnar eru út af braut. Enginn hefur gaman að slíku golfi. Þessi völlur er mjög mikilvægur fyrir golfklúbbinn, þarna byrjar fólk í golfinu og skila sér síðar inn á stóra völlinn og í klúbbinn. Það er nauðsynlegt að hlúa að þessum velli sem líkja má við stökkpall fyrir golfleikarann inn í starfið með okkur.

Vélamál

Mikil uppbygging hefur verið í tækjabúnaði klúbbsins og stendur meira til. Ný öflug brautarslátturvél var keypt í vor sem voru miklar framfarir til viðhalds brauta. Hún bilaði þegar leið á sumarið, en hún er komin í hús niður á Eyri og verður gert við hana í vetur. Gengið var frá pöntun á nýjum flatarskera (slæsara) sem er nauðsynlegur búnaður til að halda flötum góðum. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautarvélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, blásarara til að hreinsa flatir og nýrri vél til að búa til holur á flatir ásamt handflatarsláttuvél og tveimur minni vélum.

Hnífar í sláttuvélar voru sendar til GKG til brýningar en enn á eftir að yfirfara vélar og gera hafa þær tilbúnar fyrir næsta sumar.

Enn er óljóst með aksturstæki fyrir vorið en jeppinn okkar er orðin mjög lélegur og óvíst hvort hægt verður að koma honum í gegnum skoðun. Beðið er eftir tilboðum í golfvallarbíl, með palli og sturtum ásamt dráttarkrók.

Húsnæðismál

Farið var í allsherjar viðhald á Golfskálanum í vor og sumar. Skipt var um gler, en þeirri vinnu er ekki lokið. Keyptir voru nýir gluggar í vestur og austur hliðar skálans, og stendur til að skipta um þá í vetur ef veður leyfir. Gert var við þakrennur og skálinn málaður. Ekki tókst að mála þakið vegna slæmrar tíðar í haust, en það verður gert að vori komandi. Varmadæla var sett upp sem bæði hitar skálann og heita vatnið, sem mun lækka rekstrarkostnað hans verulega til lengri tíma lítið.

Farið var í allsherjar tiltekt á plani austan við Golfskálann. Þrír ónýtir gámar voru fjarlægðir og drasli í tonna tali hent og hluti var urðað. Mikil tiltekt var gerð í Golfskálanum, tekið til og drasli hent. Áralangri söfnun á dóti verður hætt og skálanum haldið snyrtilegum og fallegum. Þvottahús á neðri hæð var rífið og þar verða settir skápar fyrir félagsmenn, en mikil eftirspurn er eftir skápum. Einnig var skápur á gangi við vélageymslu rífinn og þar verður jafnframt komið fyrir skápum fyrir golfsett. Búið er að semja við fagmann um smíði og uppsetningu og vonandi verður það klárað í vetur.

Öryggiseftirlitið gerði athugasemd við hringstiga í skálanum, en á hann vantar handrið. Frestur var gefin fram á vorið til að setja handriðið á og er sú vinna í fullum gangi.

Finna þarf leiðir til að koma upp vélageymslu fyrir golfklúbbinn, en hann er á hrakhólum með tæki og tól. Ræddar hafa verið ýmsar leiðir en bygging á vélageymsla verður alltaf kostnaðarsöm. Ein leiðin er að kaupa einangraðan 40“ gám sem hægt verður að setja upp nálægt skála fyrir lítinn pening.

Auglýsingaskiltum var fjölgað, þau fjarlægð sem ekki skiluðu tekjum og ný sett í staðin. Í leiðinni var sett stórt og falletgt skilti á austur hlið skálans þar sem gestir eru boðnir velkomnir á Tungudalsvöll. Skilti voru sett við inngang til að auglýsa veitingastaðinn og draga gesti inn í kaffi. Ný kaffivél var leigð og lagt að henni vatn, sem er til nokkurrar hagræðingar fyrir vertann. Finnur Magnússon hefur verið vert í skálanum undanfarin ár og staðið sig með mikilli þrýði. Hann hefur ákveðið að láta af þeim störfum og verður það mikil áskorun fyrir húsnefnd að finna eftirmann og skipuleggja reksturinn fyrir vorið. Nýjum mönnum fylgja breytingar og vonandi getum við haldið við góðu andrúmslofti í þessu félagsheimili klúbbfélaga.

Mótanefnd

Mótahald var með svipuðu sniði og síðast liðin ár. Haldin voru 34 golfmót á vegum GÍ sem er aukning um sex mót frá fyrra ári. Bryddað var upp á nýjungum; Holukeppni GÍ var haldin í fyrsta skipti í fjölda ára og hjóna- og paramót var haldið. Hvoru tveggja tókst mjög vel.

Fjölmennasta mót ársins var HG mótið en 50 keppendur tóku þátt í því móti. Þrátt fyrir fjölgun móta er heildarfjöldi keppenda færri en 2020. Samtals voru leiknir 753 hringir í mótum sumarsins samanborið við 858 frá fyrra ári. 150 kylfingar léku þessa 753 hringi, 2020 tóku 170 kylfingar þátt í mótum GÍ.

Þátttakendur frá 20 golfklúbbum tóku þátt í mótum sumarsins. Meðlimir GÍ spiluðu að sjálfsögðu flesta hringi eða 624 talsins, Bolvíkingar með 61 og Golfklúbburinn Oddur með 8.

Baldur Ingi Jónasson var iðnasti keppandi sumarsins, tók þátt í 26 mótum, næst komu Friðbjörn Gauti Friðriksson, Ásdís Pálsdóttir og Vilhjálmur Matthíasson með 23 mót. Vilhjálmur var einmitt iðnastur 2020 með 26 mót.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 30. júní . – 3. júlí. Keppendur voru 31 sem var fækkun um 2 frá fyrra ári.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2021 eru:

- | | |
|-------------------|-----------------------------|
| 1. flokkur karla: | Anton Helgi Guðjónsson |
| Kvennaflokkur | Sólveig Pálsdóttir |
| 2. flokkur karla: | Shiran Þórisson |
| 50 ára og eldri: | Kristinn Þórir Kristjánsson |
| 65 ára og eldri: | Vilhjálmur Antonsson |

Eins og áður sagði var keppt í fyrsta sinn til fjölda ára í holukeppni GÍ. Holumeistari GÍ 2021 varð Bjarki Bjarnason eftir að hafa lagt Jóhann Torfason í úrslitum. Í 3-4 sæti urðu Ásdís Pálsdóttir og Baldur Jónasson.

Skálameistaramótin voru 18 og leikið var á fimmtudögum. Fjölmennasta mótið fór fram 8. júlí og taldi 26 keppendur. Samtals 65 kylfingar tóku þátt í fimmtudagsmótum sumarsins og léku samtals 310 hringi. Til samanburðar voru mótin 13 árið 2020, keppendur 69 og 294 hringir spilaðir.

Salmar Jóhannsson og Gauti Friðriksson tóku þátt í flestum fimmtudagsmótum eða 16 talsins. Fyrirkomulag sumarsins var að 12 bestu mót keppenda töldu.

Skálameistarar GÍ 2021 eru:

Kvennaflokkur: Ásdís Birna Pálsdóttir 180 punktar

Karlaflokkur: Baldur Ingi Jónasson 212 punktar

Gerðir voru samningar við? Um að 3ju deildarmót Meistaramóts golfklúbba verði haldið á Tungudalsvelli í sumar ? ágúst. Þetta er mikil viðurkenning fyrir klúbbinn og ekki síður Tungdalsvöll. Mikilvægt er að G.Í. standi vel að undirbúningi og framkvæmd þessa móts, sem bæði getur skapað tekjur fyrir klúbbinn, og ekki síður aukið á orðspor Golfklúbbs Ísafjarðar. Um verkefnið þarf að kjósa sérstaka mótsnefnd um mun stýra þessu starfi fram að mótshaldi.

Rekstur

Afkoma ársins var mjög góð á þessu ári, mikil aðsókn var á vellinum í sumar og mótahald gekk mjög vel. Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram á aðalfundi.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld, tekjur af Sundagolfi, mótagjöld, rekstur golfskála, styrktar samningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í fimm mánuði og lagði til vinnu fjögurra unglunga frá Vinnuskólanum.

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar er háður stuðningi margra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og Ísafjarðarbæjar. Enn fremur er rekstur og uppbygging klúbbsins háður sjálfboðavinnu félagsmanna og væri ekki mögulegur án þess fórnfúsa starfs sem þeir inna af hendi.

Klúbburinn þakkar öllum velunnurum sínum fyrir stuðninginn. Mikið átak var gert til að auka samstarf við fyrirtæki um að styrkja klúbbinn og bætt við skiltum á handrið skálans. Miklar tekjur fengust með þessu móti sem kemur sér vel þegar stór viðhaldsverkefni eru fjármögnuð.

Lokaorð.

Það er mikið starfsár að baki og grettistaki verið lyft í viðhaldi skála og tiltekt. Framundan er spennandi tími sem þarf að nýta vel. Klúbburinn stendur vel fjárhagslega og hefur burði til að ráðast í krefjandi verkefni sem munu bæta golfvöllinn og skálann, sem mun skila sér með betri upplifun og ánægju klúbbfélaga. Þannig munum við gera Tungudalsvöll eftirsóttan og draga að ferðamenn og gesti, sem mun auka tekjur okkar. Mikill áhugi er á golfþróttinni í dag og ekkert lát á. Vestfirðir eru orðnir aðlaðandi áfangastaður ferðamanna og aldrei verið annað eins tækifæri til að láta klúbbinn blómstra. Með samhentum átaki og öflugum framlagi sjálfboðaliða getum við sett G.Í. rækilega inn á kortið sem eftirsóttur áfangastaður golfarans á Íslandi.

Þegar grunn-hönnun vallarins liggur fyrir næsta sumar þurfum við að hefjast handa við margar nauðsynlegar og spennandi framkvæmdir.

Ég vil þakka starfsmönnum klúbbsins, stjórnar og nefndarmönnum fyrir samstarfið á árinu. Félagsmönnum þakka ég fyrir þeirra vinnu og skemmtilegt golfsumar.

Ég hef mjög gaman af þessu starfi og lífi fyrir golfið í Tungudal. Það er því engin bilbugur á mér í starfi formanns ef klúbbfélagar kjósa svo.

7. desember 2021

Gunnar Þórðarson formaður G.Í.